

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 6. maí 2025

Viktor Jens Vigfússon

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir.

Starfsemi félagsins var með venjubundnum hætti árið 2024. Rekstur nýju bókasafnakerfanna sem gangsett voru um mitt ár 2022 gekk vel sem og þjónusta og leiðsögn til viðskiptavina. Innleiðing nýs Sarps hófst snemma árs 2024 og komst á fullan skrið þegar leið á haustið. Menningarsögulega gagnasafnið Sarpur er í eigu Rekstrarfélags Sarps (RS) en Landskerfið sér um rekstur félagsins og Sarps samkvæmt þjónustusamningi.

Á árinu hófst skoðun á námsbókakerfum sem tengja saman bókasafnakerfið Gegni og kennslukerfi háskóla og bæta mjög þjónustu við háskólanemendur. Niðurstaðan var sú að Háskólinn á Akureyri ákvað að ríða á vaðið og var gengið til samninga við Ex Libris um afnot skólans á kerfinu Leganto. Innleiðing er í þann mund að hefjast.

Ársreikningur 2024

Reksturinn gekk vel á árinu og varð rekstrarniðurstaðan 15,4 m.kr. hagnaður. Háir vextir höfðu þar afgerandi áhrif en hreinar fjármunatekjur námu 14 m.kr.

Rekstrartekjur félagsins samanstanda af seldri þjónustu til bókasafna, sem eru að stærstum hluta í eigu ríkisstofnana og sveitarfélaga, og öðrum tekjum, en þær eru einkum vegna þjónustusamnings við Rekstrarfélag Sarps. Rekstrartekjur ársins 2024 voru 240,4 m.kr. í samanburði við 223,1 m.kr. á árinu á undan. Tekjur vegna þjónustusamninga við bókasöfn jukust um 9,9 % á milli ára.

Rekstrarkostnaður ársins 2024 var 234,9 m.kr. en var 226,2 m.kr. m.kr. á árinu áður. Laun og launatengd gjöld námu 135,6 m.kr. á árinu. Sami starfsmannafjöldi var bæði árin og jókst launakostnaður milli ára um 5% en ársbreyting launavísitölu var 6,4%. Annar rekstrarkostnaður nam 99,3 m.kr. og hækkar um 2,2 m.kr milli ára eða 2,3%. Afskriftir kerfis voru 7,0 m.kr.

Eigið fé Landskerfisins nam 225,3 m.kr. í árslok 2024 en skuldir 34,0 m.kr. Heildareignir voru 258,7 m.kr. Hlutfé félagsins er 147,6 m.kr. og hélst óbreytt á árinu. Óefnislegar eignir námu 44,5 m.kr. í árslok. Það voru engar viðbætur á árinu. Eiginfjárlutfallið er 87,% og veltufjárlutfallið 7,3.

Ársreikningur félagsins var að venju unninn af Fjárstoð ehf. en Ríkisendurskoðun sá um endurskoðun.

Eignarhald, stjórnun og fleira

Stjórn Landskerfis bókasafna var endurkjörin á aðalfundi sem haldinn var í maí 2024. Á fundinum var samþykkt 3,5% hækkun á þóknun stjórnar. Stjórnin hélt 10 fundi á liðnu starfsári.

Hjá viðskiptavinum Landskerfis urðu þær breytingar að Bókasafn menntavísindasvið Háskóla Íslands sameinaðist Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og tók það síðarnefnda yfir greiðslur hins.

Þá sögðu Lögmannafélagið og Tónskóli Þjóðkirkjunnar upp samningum sínum vegna Gagnisaðildar og komu uppsagnirnar til framkvæmda 2025.

Landskerfið skilaði inn um sögn um *Drög að bókmenntastefnu mál nr. S-62/2024* sem og um *tillögu til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2024-2030* sem menningar- og viðskiptaráðherra fór fyrir. Landskerfið tók heils hugar undir framtíðarsýnina: „Fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að margvíslegu lesefni“ og meginmarkmið 1 þar sem segir „aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku og treysta með því stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.“ Landskerfi áréttaði hins vegar að mikilvægt væri að sjónarmið bókasafna heyrðust í umræðunni um bókmenntastefnu enda væru bókasöfnin mikilvægur þátttakandi í virðis-keðjunni við að koma útgefni efni á framfæri, gera það aðgengilegt fólki á öllum aldri í gegnum skóla-, almennings-, háskóla- og önnur bókasöfn í landinu.

Að venju tók félagið þátt í árlegum norrænum NNG (Nordic Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) fundi sem þetta árið var haldinn í Osló. Landskerfið hefur einnig um árábil verið virkt í Igelu, sem er notandafélag þeirra sem nota bókasafnakerfi frá Ex Libris og fór á árlega notandaráðstefnu þess sem haldin var í Kaupmannahöfn í september.

Gjaldskrármál

Í upphafi árs 2023 tóku gildi breytingar á gjaldskrá sem þjónuðu þeim tilgangi að samræma viðmið á milli ríkis- og sveitarfélagasafna og hækka hún síðan árlega í takti við breytingar á bæði neysluverðsvísitölu og íbúafjölda samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hækkun á gjaldskrá ársins 2024 var reiknuð út frá breytingu á íbúafjölda árána 2022 og 2023 (3,059%) og breytingu á neysluverðsvísitölu á milli septembermánaða 2022 og 2023 (7,973%). Alls nam gjaldskrárhækkun frá 1. janúar 2024 11,032%.

Við útreikning gjaldskrár fyrir árið 2025 kom í ljós að Hagstofan hafði oftalið íbúafjölda ársins 2023 en hann var eins og áður sagði notaður við útreikninga á gjaldskrá ársins 2024. Þetta hafði í för með sér 1,04% lækkun á íbúafjölda í Hagstofutölum á milli árána 2023 og 2024 og kom til lækkunar á gjaldskrá Landskerfisins við upphaf árs 2025.

Nokkur umræða hefur verið í stjórn um áhrif íbúafjöldabreytinga í gjaldskrá en þau áhrif ganga þvert á viðskiptavinum og mun sú umræða væntanlega halda áfram enda mikilvægt að horfa til gjaldtöku og gjaldskrárviðmiða varðandi framtíð félagsins.

Starfsmannamál

Íris Alda Ísleifsdóttir kom aftur til starfa að hausti að afloknu fæðingarorlofi. Síðla árs sagði Dögg Hringsdóttir, sem starfað hefur hjá félaginu frá upphafi þess eða frá árinu 2001, starfi sínu lausu fyrir aldurs sakir og hætti störfum í lok janúar 2025.

Meðalfjöldi stöðugilda hélst óbreyttur á milli ára og var fjöldi ársverka 10 í lok árs 2024.

Þann 6. júní brugðu starfsmenn sér af bæ og héldu á Reykjanesið í árshátíðarferð. Eva Kristín Dal safnstjóri í Reykjanesbæ tók á móti hópnum í Duus húsi og Margrét I. Ásgeirsdóttir yfirmaður safnamála í Suðurnesjabæ skipulagði heimsóknir í Bókasafn Suðurnesja í Sandgerði, Byggðasafn Garðskaga og Sjólyst-Unuhús.

Ekki urðu breytingar á skipan Skráningarráðs Gegnis á árinu. Þar sitja sem fyrr María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn „Doddi“ Jónsson sem formaður. Skráningarráð stóð fyrir fræðslufundi skrásetjara í maímánuði og var hann fjölsóttur að venju.

Rekstur og viðhald bókasafnakerfa

Rifjað skal upp að félagið rekur Gegni sem er bókasafnskerfi rekið á landsvísu, leitargáttina Leitir, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, sem er í eigu Rekstrarfélags Sarps.

Núverandi bókasafnakerfi, Gegni og Leitir voru tekin í rekstur um mitt ár 2022 og byggja á skýjalausnunum Alma og Primo frá fyrirtækinu Ex Libris sem tilheyrir Clarivate samsteypunni. Áskriftarsamningur er til 8 ára með möguleika á framlengingu um önnur 4 ár þannig að samningstími verður lengstur 12 ár.

Um er að ræða hugbúnaðarþjónustu, þ.e. leigður er aðgangur að skýjalausnunum sem hafa verið hýstar í gagnaveri Ex Libris í Frankfurt í Þýskalandi. Á þessu verða senn breytingar en Ex Libris hefur tilkynnt um flutning til München helgina 12.-13. júlí næstkomandi. Gert er ráð fyrir að heildar niðritími verði í kringum 24 klst. á þessu tímabili. Söfnum sem verða opin umrædda helgi býðst að nota ótengd útlán.

Bókasafnakerfin eru í stöðugri þróun hjá framleiðanda og berast þaðan mánaðarlega uppfærslur. Ársfjórðungslega koma stórar uppfærslur þar sem ný virkni er kynnt til sögunnar. Gefnir eru út útgáfuvegvísar fram í tímann og eru þeir öllum aðgengilegir á netinu. Spunagreind kemur hér auðvitað við sögu og getur orðið til verulegra framfara ef vel tekst til. Verið er að þróa aðferðir til að nýta spunagreindina við bókfræðiskráningu en líka fyrir upplýsingaöflun almennra notenda. Stöku sinnum snúa kerfisviðbætur að einhverju sem við höfum kallað eftir sérstaklega, til að mynda náðist samkomulag um fimm viðbætur í kjölfar vettvangsheimsóknar sérfræðinga framleiðanda til almennings- og skólabókasafna hér á landi á árinu 2023.

Landskerfið sinnti á árinu viðhaldi eigin kerfisviðbóta sem og þróunarverkefnum. Stafrænt Ísland, island.is, uppfærði auðkenningarþjónustu sína og lokaði þeirri eldri. Gerðar voru viðeignandi breytingar í bókasafnakerfunum þar sem auðkenningarþjónusta island.is er notuð. Staðfæringar á bréfum og tilkynningum til lánþega kallaði áfram á nokkra vinnu og eins og

ávallt fór mikið þúður í tölfræðivinnslur sem sagt er frá síðar í skýrslunni. Tiltekt í gögnum var enn og aftur á dagskrá.

Bókasafnakerfin fóru ekki alveg varhluta af hugbúnaðaruppfærslu fyrirtækisins CrowdStrike sem olli usla í rekstri tölvukerfa á heimsvísu 19. júlí. Uppfærslan varð þess valdandi að ekki var hægt að skrá sig inn í Gegni fyrr en líða tók á daginn. Gögn voru aldrei í neinni hættu og útlán og skil voru möguleg í gegnum sjálfsafgreiðsluvélar.

Að venju kom félagið að fjölda samstarfsverkefna þar sem reyndi á sérhæfða notkun bókasafnakerfanna. Hér má nefna undirbúning sameiningar bókasafna menntavísindasviðs og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem nýi Gegnir kom mjög við sögu og reyndist vel. Einnig hóf Borgarbókasafnið undirbúning vinnu við eignatalningu á safnkosti Grófarsafns sem framkvæmd var á árinu 2025. Hér kom strax í ljós hversu miklu öflugri nýi Gegnir er í slíkum verkefnum en sá eldri. Einnig má nefna skyndilegan flutning bókasafns Listaháskólans í nýtt húsnæði þar sem með hraði þurfti að breyta ýmsu í bókasafnakerfunum. Síðla árs hófst mikilvægt verkefni unnið í samstarfi við Landsbókasafn sem varðar meðal annars tölfræði rafræns safnkosts. Hér þurfa áskrifendur þ.e. háskólarnir og Landsaðgangur að setja inn upplýsingar um birgja í Gegni svo að kerfið geti sjálfvirkt sótt notkunarskýrslur á stöðluðu formi til birgja. Þannig getur Gegnir unnið úr þeim áreiðanlegar notkunartölur svo nokkuð sé nefnt. Verkefnið er enn í vinnslu.

Framundan / þróun

Á gamlársdag var gengið frá samningi við Ex Libris um afnot af Leganto kerfisviðbótinni fyrir Háskólann á Akureyri, sem þar með verður fyrstur háskóla á Íslandi til að bjóða upp á tengingu leslista námskeiða úr námsumsjónakerfinu Canvas við safnkost bókasafnsins og fleira. Þetta verður bylting í þjónustu við bæði nemendur og kennara, ekki síst hvað varðar rafrænt efni í víðum skilningi. Háskólinn á Akureyri mun standa straum af greiðslum til Ex Libris vegna Leganto.

Á árinu veitti stjórn framkvæmdastjóra heimild til að ganga til samninga við Ex Libris um afnot af Alma-Digital viðbót fyrir allt samlagið. Fyrir liggur tilboð frá Ex Libris um stofnkostnað sem nemur 5,3 m.kr. og árlegan rekstrarkostnað um 2,5 m.kr. Tilboðið miðast við 98.000 færslur og 3Tb gagnamagn. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá samningum fyrir lok júní. Viðbótin mun auðvelda umsýslu með stafrænt efni í bókasafnakerfunum og um leið gera safnkostinn mynðrænni.

Um árabíl hefur félagið veitt skólasöfnum þá þjónustu að hlaða bekkjarlistum sem berast í upphafi annar sem Excel skjöl frá hverjum skóla fyrir sig inn í Gegni og virkja þá þar sem lánþega. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) vinnur nú að gerð landsnemendagrunns fyrir grunnskóla landsins, Frigg, í samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Félagið leitaði eftir samstarfi við MMS um að samtengja landsnemendagrunninn og Gegni til hagræðingar fyrir alla aðila. Vel var tekið í beiðnina og eru slík gagnaskil á áætlun MMS.

Námskeiðshald og miðlun

Kennsluárið 2024-2025 var haldið áfram að bjóða nær eingöngu upp á námskeið á vefnum, en undantekningin er námskeið í bókfræðiskráningu sem er þriggja daga staðnámskeið. Alls voru kennd 27 námskeið og voru þátttakendur tæplega eitt þúsund. Stærstur hluti námskeiðanna var tekinn upp og gerður aðgengilegur á þjónustugáttinni eða var miðlað eftir þörfum í tengslum við stuðning og eftirfylgd frá starfsfólki Landskerfis bókasafna.

Heiti / tegund námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Áhorf á upptökur
Grunn- og útlánanámskeið	2	61	28
Námskeið í bókfræðiskráningu	1	9	
Aðfanganámskeið	4	65	38
Nýtt notendaviðmót - lánþegaþjónustur og titlaleit	12	658	211
Ítarnámskeið - Nýtt, breytt og betrubætt	5	112	54
Samráðs- og verkefnafundir	3	77	
Samtals	27	982	331

Rekstrarfyrirkomulag bókasafnakerfanna í gegnum skýjaþjónustu (SaaS) Ex Libris hefur breytt forgangsöröðun verkefna og námskeiðshalds. Nú ræður framleiðandinn, Ex Libris, fyrirkomulagi uppfærslna og Landskerfið fær það hlutverk að fylgja þeim eftir varðandi miðlun á breytingum og nýjungum.

Eitt af stóru verkefnunum hjá Ex Libris er endurhönnun notendaviðmóts bókasafnskerfisins. Verkefnið er unnið í áföngum og síðastliðinn vetur voru innleiddar tvær veigamiklar breytingar. Þetta var annars vegar nýtt viðmót í lánþegaþjónustum / útlánunum og hins vegar ný titlaleit. Breytingarnar höfðu áhrif grunnverkferla safna og því var nauðsynlegt að uppfæra leiðbeiningar og kenna starfsfólki á nýja viðmótið. Stærstur hluti námskeiða tók til þessara atriða.

Til viðbótar við kennslu og leiðsögn á þjónustugátt býðst viðskiptavinum nú að bóka tíma hjá sérfræðingi. Þessi möguleiki nýtist vel fyrir fyrirfram afmörkuð viðfangsefni eins og tiltekt í lýsingu eintaks, endurnýjun tímaritaáskrifta eða aðra einstaklingsbundna aðstoð. Með þessu er hægt að bregðast við jafnharðan og aðstoða starfsfólk safnanna við að yfirstíga kerfislegar hindranir. Þess ber þó að gæta að „Bóka tíma“ kemur ekki í staðinn fyrir námskeið heldur eru þetta tvær stöðir ásamt leiðbeiningum sem styðja við söfnin og starfsfólk þeirra.

Tölfræði Gagnis og Rafbókasafnsins

Almennt má segja að ekki verði miklar breytingar á árslokátölfræði Gagnis á milli ára. Þó halda útlán áþreifanlegs efnis áfram að dragast mikið saman á háskólabókasöfnum og Landsbókasafni Íslands. Þau hafa enda lagt á það áherslu undanfarin ár að byggja upp rafrænan safnkost til að þjónusta sína lánþega. Yfir sextíu prósent útlánanna ársins 2024 voru á almenningsbókasöfnum og um þrjátíu prósent í grunnskólasöfnum.

Lykiltölur Gagnis 2018-2024 líta svona út:

Ár	Útlán	Eintök	Titlar
2024	2.269.832	5.775.174	1.245.158
2023	2.279.376	5.829.591	1.298.700
2022	2.342.939	5.818.934	N/A*
2021	2.723.820	5.847.255	1.269.424
2020	2.423.285	5.881.064	1.272.530
2019	3.130.075	5.893.002	1.285.496
2018	3.076.653	5.956.964	1.255.868

* Vegna kerfisskipta á árinu 2022 vantar upplýsingar um titla

Þegar helstu lykiltölur fyrir Gagni eru skoðaðar á árunum 2006 til 2024 sést að fyrstu árin var mikil aukning í öllum flokkum en fljótlega dregur þó úr útlánunum. Í Covid 2020 varð hrun í útlánunum og það virðist vera sem að sá samdráttur sé komin til að vera.

Eintökum og titlum í Gagni fækkar á milli ára. Helstu ástæður þess eru breytingar á meðhöndlun rafræns safnkosts, aukin áhersla á grisjun og síðast en ekki síst sameiningar safna svo sem bókasafns Menntavísindasvið Háskóla Íslands við Landsbókasafn og flutningur og sameining bókasafna Listaháskólans.

Vinsælustu bækurnar í Gagni sem heild árið 2024 voru samkvæmt hefðinni þýddar barnabækur. Vinsælasti titillinn er *Hundmann : flóadróttinssaga* eftir Dav Pilkey með 3.974 útlán en hinar ýmsu *Hundmann og Kattmann* bækur koma í kjölfarið og verma 6 efstu sætin.

Vinsælustu íslensku barnabókahöfundarnir eru Yrsa Þöll Gylfadóttir og Iðunn Arna með bækur í léttlestrar bókaflokkum *Bekkurinn minn* en þar tróna hæst *Prumpusamlökan* og *Bumba er best* og Bjarni Fritzson með *Salka : hrekkjarvaka* og *Orra óstöðvandi : hefn glæponanna*. Hins vegar er Birgitta Haukdal mest lesni íslenski barnabókahöfundurinn árið 2024 þótt að einstakir titlar nái ekki í topp sætin.



Mest lánaða íslenska skáldsagan er *Heim fyrir myrkur* eftir Evu Björk Ægisdóttur sem er í 39. sæti yfir mest lesnu bækurnar. Þar á eftir kemur *Snjór í Paradís* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, *Sæluríkið* eftir Arnaldur Indriðason og *Hvítalogn* eftir Ragnar Jónsson.




Fljótt á litið virðist hafa dregið úr útlánum á vinsælum þýddum skáldsögum og má það væntanlega rekja til meiri notkunar á Rafbókasafninu og rafbókaveitu útgefenda Storytel.

Öll almenningubókasöfn í Gegni eru aðilar að **Rafbókasafninu** sem er samstarfsverkefni Landskerfis og almenningubókasafna og byggir á rafbókaveitunni OverDrive. Útlán Rafbókasafnsins tvöfölduðust á milli árunna 2023 og 2024. Ástæðu aukinna vinsælda má rekja til þess að erlend tímarit bættust við safnkostinn árið 2024 og er óhætt að segja að þau hafi slegið í gegn með 20.745 útlánum eða þriðjungi af öllum útlánum Rafbókasafnsins. Vinsælasta tímaritið var *The New Yorker*.

Þess má geta að Morgunblaðið birti umfjöllun um útlán á bókasöfnum byggða á upplýsingum frá Landskerfinu undir yfirskriftinni *Birgitta í sérflokki á bókasöfnum landsins*. Í greininni var birt samantekt yfir mest lesnu íslensku höfunda flokkað eftir barnabókum og skáldsögum fyrir frumsamið efni þ.e.a.s. ekki þýðendur, meðhöfundar eða myndhöfundar. (Myndirnar eru birtar með leyfi Morgunblaðsins, birt 14/4/2025.)


Íslenskir barnabókahöfundar

Fimm vinsælustu, þúsundir útlána árið 2024



Íslenskir skáldsagnahöfundar

Fimm vinsælustu, þúsundir útlána árið 2024



Miðstöð starfrænna hugvísinda og lista

Landskerfið er aðili að Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) en alls eru 15 stofnanir þar með talið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Rekstrarfélag Sarps aðilar að miðstöðinni. Markmið MSHL er að styðja við uppbyggingu og aðgengi að rannsóknainnviðum á sviði stafrænna hugvísinda (e. digital humanities) og tengja íslenskar rannsóknir við alþjóðlegar. MSHL sem er á vegvísí Rannís fékk á árinu styrk úr Innviðasjóði Rannís og samstarfssjóði háskóla. Á fyrsta ársfundi MSHL sem haldinn var í nóvember var sjónum beint að notkunarmöguleikum stafrænnar tækni við miðlun menningararfsins og í listum. Aðildarfélög MSHL, þar með talið Landskerfi bókasafna hf., greiða 350 þús.kr. framlag til Miðstöðvarinnar á árinu 2025 til að fjármagna hluta af stöðugildi verkefnastjóra.

Rekstrarfélag Sarps

Í stjórn Rekstrarfélags Sarps sitja nú Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands og Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni. Tveir starfsmenn Landskerfisins vinna við Sarp eingöngu en auk þess sinna aðrir starfsmenn félagsins, þar með talið framkvæmdstjóri, vinnu fyrir Rekstrarfélagið í hlutastarfi.

Á árinu hófst innleiðing hugbúnaðarins MuseumPlus frá Zetcom sem valinn arftaki núverandi Sarps, Sarpur 3, með útboði á EES. Fagstjóri Sarps er verkefnastjóri innleiðingarinnar en framkvæmdastjóri er eigandi verkefnisins gagnvart Zetcom. Mikið verk reyndist að varpa gögnum úr núverandi Sarpi yfir í þann nýja og stóð sú vinna allt árið samhliða uppsetningu MuseumPlus sem fær nafnið Sarpur 4. Áætlanir gera ráð fyrir gangsetningu kerfisins seinni hluta október á þessu ári.

Lokaorð

Stöðug aðhaldskrafa er í gangi hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og meðal annars áhersla á betri nýtingu innviða og fjármuna með samnýtingu. M.a. í því ljósi er mikilvægt er að standa vörð um Gegnissamstarfið enda er það til fyrirmyndar varðandi samstarf og samrekstur innviða á landsvísi. Rekstur félagsins er hins vegar viðkvæmur fyrir því ef kvarnast úr aðild stofnana að bókasafnakerfinu vegna aðhaldsaðgerða.

Fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna færi ég öllu starfsfólki Landskerfis þakkir fyrir alúð við störf á liðnu ári og þakka jafnframt öflugt samstarf og stuðning frá starfsfólki bókasafna og annarra samstarfsaðila og öðrum sem hafa veitt aðstoð. Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra færi ég sérstakar þakkir fyrir að leiða og reka félagið farsællega, auk góðrar upplýsingagjafar til okkar í stjórn. Dögg Hringsdóttir og Geir Jón Karlsson hættu störfum hjá félaginu fyrr á þessu ári og eru þeim færðar þakkir.

Á þessum fundi ganga úr stjórn Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Árni Konráð Bjarnason. Ingibjörg hefur setið í stjórn Landskerfis bókasafna frá árinu 2007 og Árni frá 2021. Þeim Ingibjörgu og Árna, ásamt Pálínu þakka ég ánægjulegt og faglegt samstarf.

Að lokum ég óska fyrir hönd stjórnar, Landskerfi velfarnaðar við áframhaldandi framþróun á kerfum og þjónustu til bókasafna og annarra viðskiptavina.